

eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 29. maí 1970.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Lúðvik Gízurarson.*

## REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1970.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólmi.

**I. KAFLI**

**TAKMÖRK HAFNARINNAR**

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Baulutanga í Hvítbjarnarey, þaðan í Þórisbólma, þaðan í Böllusker og þaðan beina línu um Lundaklett í land.

Innri höfnin takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Svartatanga í austurhorn Súgandiseyjar, þaðan í norðurhorn Landeyjar og úr vesturhorni Landeyjar í Búðanes.

Að öðru leyti afmarkast höfnin af strandlengjunni milli þessara staða.